

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/548****2017/EES/48/52****frá 23. mars 2017****um staðlað eyðublað fyrir skriflega yfirlýsingu um að innsigli ökurita hafi verið fjarlægt eða rofið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 165/2014 er mælt fyrir um stjórnsýslukröfur og tæknilegar kröfur er varða smíði, uppsetningu, notkun, prófun og eftirlit með ökuritum sem notaðir eru í flutningum á vegum.
- 2) Í ákvæði 5. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 er kveðið á um að ef innsigli er fjarlægt eða rofið, í þeim tilgangi að gera við ökutækið eða breyta því, verði að geyma skriflega yfirlýsingu um borð í ökutækinu þar sem fram kemur dagsetningin og tíminn þegar innsiglið var rofið og ástæðurnar fyrir því að það var fjarlægt.
- 3) Með reglugerð (ESB) nr. 165/2014 er þess krafist að framkvæmdastjórnin þróa staðlað eyðublað fyrir skriflegu yfirlýsinguna.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Starfsmaður verkstæðis, sem rýfur innsigli ökurita eða fjarlægir það vegna viðgerðar eða breytingar á ökutæki, eins og um getur í 5. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014, skal fylla út, undirrita og stimpla skriflegu yfirlýsinguna með upplýsingunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð. Upprunalega skriflega yfirlýsingin skal geymd um borð í ökutækinu og stimplað afrit geymt á verkstæðinu þar sem innsiglið var fjarlægt eða rofið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 79, 24.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skrifleg yfirlýsing um að innsigli ökurita hafi verið fjarlægt eða rofið

1. Skráningarnúmer ökutækis,
2. Verksmiðjunúmer ökutækis
3. Nafn ökumanns
4. Bandalagsleyfi farmflytjanda eða flutningsaðila ⁽¹⁾
5. Heiti verkstæðis
6. Heimilisfang verkstæðis
7. Kenninúmer verkstæðis
8. Nafn starfsmanns sem ber ábyrgð á að fjarlægja innsiglið
9. Númer innsiglis sem var fjarlægt
10. Dagsetning og tími þegar innsigli var fjarlægt
11. Ástæða eða ástæður fjarlægingar
12. Athugasemdir

Staður og dagsetning

Undirskrift starfsmanns

Undirskrift ökumanns

⁽¹⁾ Ef viðeigandi, í samræmi við 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjttíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72) eða 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 (Stjttíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88).